Skýrs. Náttúr. fél. 1933-34: 51-57. (1935)

Náttúrugripasafnið í Reykjavík.

# Fuglamerkingar, II. ár.

(The Bird Ringing Scheme 2nd. year).

---

Árið 1933, voru merktir alls 494 fuglar, sem voru af 32 tegundum (sjá skýrsluna hér á eftir). Liðsmenn við merkingarnar voru í þetta sinn 16, en á næsta ári munu að minnsta kosti 6 nýir liðsmenn bætast í hópinn. Endurheimtur merktra fugla urðu alls 23; þar af höfðu 20 fuglar verið merktir í ár, en 3 í fyrra (1932). Einn af þessum síðastnefndu 3 fuglum, var rita, sem hafði verið merkt á Sauðárkróki sumarið 1932, en náðist í vetur við Newfoundland. Yfirleitt má telja mjög góðan árangur af merkingunum eftir jafn stuttan tíma og má því vænta hins besta í því efni í framtíðinni.

**Liðsmenn** við fuglamerkingarnar í ár hafa verið þessir:

1) Aðalsteinn J. Skjalddal, Skjaldfönn, N.-Ís.
2) Arngrímur Ólafsson, prentari, Reykjavík.
3) Eyjólfur Ágústsson, Hvammi, Landssveit, Rg.
4) Guðjón Einarsson, Berjanesi, Landeyjum, Rg.
5) Halldór Pálsson, Guðlaugsstöðum, A.-Hv.
6) Hermann Stefánsson, Brekkukoti, Efribyggð, Skf.
7) Hjalti Gestsson, Hæli, Árnessýsla.
8) Jóhannes Sigfinnsson, Grímsstöðum, við Mývatn.
9) Jón Arnfinnsson, Dröngum, Dýrafirði.
10) Jón A. Guðmundsson, vitavörður, Reykjanesi.
11) Karl Teitsson, Bergsstöðum, Vatnsnesi, V.-Hv.
12) Kári Tryggvason, kennari, Víðikeri, S.-Þ.
13) Kristján Geirmundsson, Akureyri.
14) Njáll Friðbjörnsson, Skál, S.-Þingeyjarsýsla.
15) Njörður S. Snæhólm, Akureyri.
16) Sigurður Björnsson, Kvískerjum, A.-Sk.

**SKÝRSLA um fuglamerkingar Náttúrugripasafnsins í Reykjavík, árið 1933. II.**
(REPORT of the Bird-Ringing Scheme of the Museum of Natural History 1933).

| Nöfn tegunda (Names of species) | Fullorðnir (ad.) | Ungar (juv.) | Alls (Totals) | Endurheimtir (Recovered) | Aths. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1) Hrafn, *Corvus corax tibetanus* .... | | 2 | 2 | | |
| 2) Máríuerla, *Motacilla a. alba* ...... | | 29 | 29 | 1 | Innanlands (Within the country) |
| 3) Þúfutittlingur, *Anthus pratensis* ... | 2 | 38 | 40 | 1 | do. |
| 4) Skógarþröstur, *Turdus m. coburni* . | | 10 | 10 | | |
| 5) Steindepill, *Oenanthe oe. schiöleri* .. | 2 | 23 | 25 | | |
| 6) Smirill, *Falco c. subaesalon* ....... | | 5 | 5 | | |
| 7) Stóra grágæs, *Anser anser* ....... | 3 | 4 | 7 | 1 | Erlendis. (abroad). |
| 8) Heiðagæs, *Anser brachyrhynchus* .. | 1 | 2 | 3 | | |
| 9) Stokkönd, *A. platyrhyncha subboscas* | | 3 | 3 | | |
| 10) Gráönd, Anas strepera ........... | 2 | | 2 | | |
| 11) Urtönd, *Querquedula c. crecca* .... | 1 | 19 | 20 | 2 | do. |
| 12) Rauðhöfðaönd, *Mareca penelope* .. | 3 | 9 | 12 | | |
| 13) Duggönd, *Nyroca m. marila** ..... | 14 | 13 | 27 | 3 | 1 erl., 2 innanlands (1 abroad, 2 in Iceland). |
| 14) Skúfönd, *Nyroca fuligula** ....... | 9 | | 9 | 1 | Erlendis (abroad) |
| 15) Húsönd, *Glaucionetta islandica** ... | 2 | | 2 | 1 | Innanlands. |
| 16) Straumönd, *Histrionicus h. histrionicus* ..................... | | 3 | 3 | | |
| 17) Hávella, *Clangula hyemalis** ...... | 12 | | 12 | | |
| 18) Hrafnsönd, *Melanitta n. nigra** ... | 19 | 1 | 20 | | |
| 19) Toppönd, *Mergus serrator** ...... | 4 | | 4 | | |

*) ♀♀ ad. merktar á hreiðri (ringed on their nests).

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 20) Óðinshani, *Phalaropus lobatus* .... | 1 | 5 | 6 | | |
| 21) Hrossagaukur, *Capella gallinago faeroeensis* ........................ | | 23 | 23 | | |
| 22) Lóuþræll, *Erolia a. alpina* ........ | | 6 | 6 | | |
| 23) Stelkur, *Tringa totanus robusta* .... | | 5 | 5 | | |
| 24) Spói, *N. phaeopus islandicus* ..... | | 22 | 22 | | |
| 25) Lóa, *Pluvialis apricarius altifrons* .. | 3 | 36 | 39 | 1 | Erlendis (abroad) |
| 26) Sandlóa, *Charadrius h. psammodroma* | | 8 | 8 | | |
| 27) Svartbakur, *Larus marinus* ........ | | 6 | 6 | 1 | Innanlands. |
| 28) Hettumáfur, *Larus r. ridibundus* .. | | 7 | 7 | | |
| 29) Kría, *Sterna macrura* ........... | 1 | 116 | 117 | 4 | do. |
| 30) Skúmur, *Catharacta s. skua* ...... | | 3 | 3 | | |
| 31) Kjói, *Stercorarius parasiticus* ..... | | 2 | 2 | | |
| 32) Rjúpa, *Lagopus mutus islandorum* .. | 14 | 1 | 15 | 4 | do. |
| Alls .... | 93 | 401 | 494 | 20 | |

FUGLAR, merktir árið 1932, endurheimtir í ár, 1933. (BIRDS, ringed in 1932, recovered in 1933):

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1) Rita, *Rissa t. tridactyla* .......... | | | | 1 | Newfoundland. |
| 2) Kría, *Sterna macrura* ............ | | | | 2 | Innanlands. |
| Alls .... | | | | 3 | |

Auk þessara voru send merki til **fjögurra** manna, sem hvorki hafa sent skýrslur um merkingar né endursent merkin, verður því að svo stöddu að álíta að þeir ætli sér að nota þau næsta sumar.

Náttúrugripasafnið í Reykjavík, 10. febrúar 1933.

**Magnús Björnsson.**

## ENDURHEIMTUR.

### Innanlands hefir spurzt um:

1) **Máríuerlu-ungi.** Merktur í hreiðri í Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1933. Fundinn dauður samast. þ. 7. júlí 1933.
2) **Þúfutittlingsungi.** Merktur á Bergstöðum á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu þ. 14. júlí 1933. Fannst dauður samast. nokkurum dögum síðar.
3) **Duggandarungi.** Merktur á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 1. ágúst 1933. Drepinn af ketti samast. þ. 14. ágúst. 1933.
4) **Duggandarungi.** Merktur á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 18. ágúst 1933. Flaug á símaþráð samast. þ. 30. ágúst. 1933.
5) **Húsönd,** fullorðin. Merkt á hreiðri hjá Grímsstöðum við Mývatn, þ. 11. júní 1933. Drapst í silunganeti í Vogum við Mývatn, þ. 11. júlí 1933.
6) 4 **Kríu-ungar.** Merktir á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1933. Fundnir nýdauðir samast. þ. 8. ágúst 1933.
7) 2 **Kríur.** Merktar fullorðnar á Sauðárkróki, þ. 25. júní 1932. Önnur skotin, hin fundin dauð samast., þ. 12. júlí og 30. júlí 1933.
8) 4 **Rjúpur.** Merktar við Mælifellsá í Skagafirði, þ. 5.—13. marz 1933. Skotnar samast. þ. 16., 17. og 23. okt. 1933.

9) **Svartbaksungi.** Merktur hjá Hvammi í Landssveit, þ. 9. júlí 1933. Skotinn í Vestmannaeyjum, þ. 18. nóv. 1933.

**Erlendis hafa náðst:**

1) **Stóra grágæs, ungi.** Merktur (2/84) á Hafurstaðaeyrum á Bárðardalsafrétt, þ. 25. júlí 1933. Skotinn rétt við höfnina í Wexford á Írlandi, 31. des. 1933.
2) **Urtönd, ungi.** Merktur (5/61) við Húseyjarkvísl í Skagafirði, þ. 6. ágúst 1933. Skotinn hjá Baldwinstown í Wexford á Írlandi þ. 15. nóv. 1933.
3) **Urtandarungi.** Merktur (5/36) á Grímsstöðum við Mývatn þ. 16. júlí 1933. Skotinn hjá Ballymartin, Downs, í Norður-Írlandi, þ. 15. nóv. 1933.
4) **Skúfönd.** Merkt (4/44) á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1933. Skotin á Loch Ennel, Westmeath á Írlandi, þ. 26. nóv. 1933.
5) **Duggönd.** Merkt (3/171) á hreiðri á Grímsstöðum við Mývatn, þ. 19. júní 1933. Skotin í Ballina, í Mayo, á Írlandi, 29. des. 1933.
6) **Lóa, ungi.** Merktur (5/450) í Víðikeri í Bárðardal, þ. 18. júlí 1933. Skotinn á Helgoland í Þýzkalandi, þ. 13. sept. 1933.
7) **Rita.** Merkt fullorðin (5/88) á Sauðárkrók, þ. 12. júlí 1932. Skotin (í nóv.?) 1933, við austurströnd Newfoundlands.

## SUMMARY.

During the year 1933, 494 birds of 32 different species were ringed at 16 Stations in all parts of the country. Next year (1934) at least 6 new Bird-Ringing Stations will be set up. Receveries of the ringed birds have been recorded 23 in this year. Of these 20 were ringed this year and 3 the last year (1932). Of these three recoveries of birds from 1932, one is of considerable interest, i.

e., a Kittiwake ringed at the North-Coast of Iceland and reported from Newfondland in November 1933.

These recoveries are:

A. **Within this country.**

1) Motacilla a. alba, (pull.). Ringed in the nest at Grímsstaðir, Lake Mývatn, on the 19th of June 1933. Found dead at the same place the 7th of July.
2) Anthus pratensis, (pull.). Ringed in the nest at Bergstaðir, on the Northwest-Coast, the 14th of July 1933. Found dead a few days later.
3) Nyroca m. marila, (pull.). Ringed at Grímsstaðir, Lake Mývatn, the 1st of August 1933. Killed by a cat the 14th of the same month.
4) Nyroca m. marila, (pull.). Ringed at Grímsstaðir, Lake Mývatn, the 18th of August 1933. Flew against the telephone lines and was killed, the 30th of the same month.
5) Glaucionetta islandica, ad. Ringed on its nest at Grímsstaðir, Lake Mývatn, the 11th of June 1933. Killed in a trout net in the lake on the 11th of July.
6) Sterna macrura, (pull.). **Four young ones of the Arctic Tern.** Ringed at Grímsstaðir, Lake Mývatn, on the 19th of June 1933. Found recently dead on the 8th of August.
7) Sterna macrura, ad. **Two Arctic Terns,** ringed at Sauðárkrókur on the North-Coast, the 25th of July 1932. The one was shot, the other found recently deat at the same place, on the 12th and the 30th of July 1933. When ringed in 1932, both terns were breeding at this place.
8) Larus marinus, (juv.). Ringed at Hvammur, in South-Iceland, on the 9th of July 1933. Shot at Vestmannaeyjar, the 18th of November 1933.
9) Lagopus m. islandorum, (ad.). **Four Ptarmigans.** Ringed at Mælifellsá, North-Iceland, on the 5th

and the 13th of March 1933. Shot at the same place on the 16th, 17th and the 23rd of October 1933.

## B. **From abroad.**

1) Anser anser, (juv.). Ringed (2/84) in Bárðardalsafrétt, North-Iceland on the 25th of July 1933. Shot near the harbour of Wexford, in the Irish Free State, the 31st of December 1933.
2) Querquedula c. crecca, (juv.). Ringed (5/61) in Skagafjörður, North-Iceland, the 6th of August 1933. Shot near Baldwinstown, Co. of Wexford, in the Irish Free State, on the 15th of November 1933.
3) Querquedula c. crecca, (juv.). Ringed (5/36) at Grímsstaðir, Lake Mývatn, the 16th of July 1933. Shot at Ballymartin, Downs, North-Ireland, on the 15th of November 1933.
4) Nyroca fuligula, (ad.). Ringed (4/44) on its nest at Grímsstaðir, Lake Mývatn, the 19th of June 1933. Shot at Loch Ennel, Co. Westmeath, in the Irish Free State, the 26th of November 1933.
5) Nyroca m. marila, (ad.). Ringed (3/171) on its nest at Grímsstaðir Lake Mývatn, the 19th of June 1933. Shot at Ballina, Co. Mayo, in the Irish Free State, on the 29th of December 1933.
6) Pluvialis apricarius altifrons, (juv.). Ringed (5/450) at Víðiker, North-Iceland, the 18th of July 1933. Shot on Helgoland, Germany, the 13th of September 1933.
7) Rissa t. tridactyla, (ad.). Ringed (5/88) at Sauðárkrókur, on the North-Coast of Iceland, on the 12th of July 1932. Reported from Newfoundland (Isle of Fogo) in November 1933.

FJELAGSPRENTSMIÐJAN